

53
26. jan.

2. **Aðeins fyrir strætisvagna.** Merki með slíkri áletrun tákna bann við umferð ökutækja annarra en strætisvagna. Merkið er hringlaga, rautt að lit með hvítum stöfum.
3. **Inn- eða útakstur** er táknaður með örvum eða hringlaga merkjum. Áletrun: Inn, Út, Innkeyrsla o. fl. eftir atvikum.
4. **Bann við bifreiðastöðum.** Bifreiðastöður eru bannaðar á götum, þar sem gangstéttarbrún hefur verið máluð rauð.
5. **Hálfstrikuð, gul lína.** Þar sem hálfstrikuð, gul lína hefur verið mörkuð í götu meðfram gangstétt ber bifreiðarstjórum að gæta þess vandlega að leggja bifreiðum einungis innan umræddrar línu.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 26. janúar 1954.

Sigurjón Sigurðsson.

54
15. apríl

SAMÞYKKT

um forkaups- og forleigurétt á lóðum og fasteignum á Flateyri.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 frá 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. hefur hreppsnefnd Flateyrahrepps samþykkt á fundi sínum 2. apríl 1955, að áskilja Flateyrahreppi forkaups- og forleigurétt á eftirtöldum lóðum og fasteignum á verzlunarlóð kaupsinsins:

1. Allar lóðir og fasteignir Kaupfélags Önfirðinga austan Hafnarstrætis og fram- lengingu þess til sjávar úr Oddatá.
2. Allar lóðir og fasteignir Ísfells h.f. austan Hafnarstrætis.
3. Allar lóðir og fasteignir síldarverksmiðju ríkisins á Sólbakka.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. apríl 1955.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.